

## *Hugleiðing um Læsi*

### INNGANGUR

Hér fer á eftir stutt hugleiðing um ritið *Læsi* eftir Stefán Jökulsson, í ritröð um grunnþætti menntunar fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, sem kom út á síðasta ári í kjölfar Aðalnámskrár 2011. Í formála mennta- og menningarmálaráðherra hvetur hann „starfsfólk skóla, foreldra, forráðamenn og nemendur til að kynna sér vel efni heftanna og starfa í anda þeirra“. Það er því ólítið hlutverk sem heftin gegna og boðskap þeirra er ætlað að ná til breiðs hóps fólks.

Læsi og umræða um það á undanförunum áratug hefur meðal annars einkennst af leit að nothæfum skilgreiningum á þessari færni til að ráða í texta, skilja hann og læra af honum. Hvatinn að þessari fjölbreyttu og oft flóknu umræðu er af ýmsum toga. Þjóðir heims verða sér æ meðvitaðri um tengsl læsis við afkomu og stöðu sína í hópi þjóða. Undanfarna áratugi hefur orðið mikil breyting á aðgangi almennings að upplýsingum og almennri þátttöku hans í miðlun upplýsinga og krafa samfélagsins til lestrarfærni vex hröðum skrefum. En illa gengur að skilgreina þá kröfu þótt reynt sé að gera það með ýmsu móti, svo sem með námskrám og hjá fyrirtækjum og stofnunum sem stunda rannsóknir eða eru í leit að starfsmönnum. Hvaða færni þarf unglingur hafa náð þegar hann hefur lokið skyldunámi? Þetta er ein mikilvægasta spurning hverrar þjóðar, en hún er flókin og svarið krefst mikillar skoðunar á samfélaginu og þeim væntingum sem það hefur. Það þarf þó stöðugt að hafa þessa spurningu í huga þegar þróun menntunar er annars vegar. Læsi hefur þarna sérstöðu. Það er lykill að námi í víðasta skilningi þess hugtaks. Það er einnig mikilvæg forsenda þess að einstaklingur geti miðlað þeirri þekkingu sem hann aflar sér, skoðunum sínum og tilfinningum og tekið þátt í mótun samfélagsins með lýðræðislegum hætti. Þannig er læsi mikilvægt tæki fyrir þróun samfélagsins, þroska einstaklingsins og ævinám hans.

## BREYTING Á TEXTAHUGTAKINU

Textahugtakið hefur verið að breytast á undanförunum áratugum. Rafræn miðlun og almenn notkun á henni hefur leitt af sér texta sem er ekki einungis letur og mynd heldur einnig vefslóðir, hreyfimyndir og jafnvel hljóð. Texti af því tagi hefur verið nefndur fjölbáttur texti eða samsettur texti (e. multimodal text). Svo örar breytingar á texta hafa vart orðið áður í sögu ritunar. Þetta, meðal annars, hefur valdið nokkrum usla í umfjöllun um læsi og merkingu þess hugtaks og það hefur bólgnað út. Fjöldi hugtaka hefur nú læsi í síðari lið heitis og spurning hvort þar er alltaf um læsi að ræða. Svo virðist sem þar sé oft átt við skilning fremur en læsi, svo sem sjálfbærnilæsi, fjármálalæsi o.fl., eða túlkun, svo sem þegar sérstaklega er rætt um bókmenntalæsi, eða þá færni í að nýta tækni, svo sem stafrænt læsi. Örstutt grein er gerð fyrir þessu í *Aðalnámskrá grunnskóla 2011* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, bls. 16 og 17) og þar er stefnan mörkuð. Fátt segir þó þar um læsi í þeim skilningi sem nefndur er hjá alþjóðlegum stofnunum, svo sem OECD (sjá t.d. Organization for Economic Cooperation and Development, 2001), en meira rætt um þá tækni sem í boði er, svo sem stafræna tækni og hugtökin miðlamennt og miðlalæsi eru áberandi. Þó er síðast í kaflanum lögð áhersla á „mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012, bls. 17) og að það skipti sem fyrr miklu máli að börn nái tökum á „tiltekinni lestrar- og ritunartækni“. Það er því ekki að undra þó ritið *Læsi* fjalli að miklu leyti um „miðlalæsi“ og „miðlamennt“ eða „læsi í víðum skilningi“ eins og það er nefnt. Þar er, eins og í *Aðalnámskrá*, einungis tæpt á mikilvægi lestrar og ritunar í hinum „hefðbundna skilningi“ (t.d. á bls. 12 og 13; hér eftir eru tilvísanir til tiltekinna kafla eða blaðsíðna allar til heftisins *Læsi*).

### „MERKINGARSKÖPUN“

Nánast enga umfjöllun er að finna í ritinu *Læsi* um undirstöður þess að vera læs á margs konar texta sem eftir atvikum getur haft að geyma letur, gróf, töflur, myndir og annað sem kann að styðja textann og er hluti af honum. Til þess að geta ráðið í texta er réttilega bent á mikilvægi orðaforða og reynslu lesanda. En mál er ekki einungis orð. Orðin koma saman í setningar, málsgreinar, efnisgreinar og texta. Þau geta haft margs konar merkingu í samfélagi orðanna og lesandi beitir kunnáttu sinni í máli og almennri þekkingu sinni við skilning og túlkun. Þetta er kallað „merkingarsköpun“ í *Læsi* en mætti sennilega allt eins kalla skilning eða lesskilning og túlkun.

Erfitt er að greina í ritinu á hvaða skilningi eða skilgreiningu umfjöllun um læsi er byggð. Í 3. kafla verksins, Merkingarsköpun, samskipti og skilningur, er nokkuð fjallað um skilgreiningu á hugtakinu læsi og ólæsi. Þar er getið um „suma“ og „aðra“ sem fullgildar heimildir en ekki vísað til þeirra sem hafa viðkomandi skilning eða skoðanir á hugtakinu læsi. Það er miður því það gæti skýrt ýmislegt fyrir lesendum og þeir leitað í smíðju ólíkra fræðimanna. „Sumir telja að læsi sé samheiti yfir marga færniþætti, og tala þá gjarnan um læsisvanda sem tengist tilteknum þætti eða þáttum, en aðrir draga fólk annaðhvort í dilk læsis eða ólæsis“ (bls. 15). Síðan segir að þeir sem

síðar eru nefndir leggi fyrir nemendur próf „sem ætlað er að mæla læsi, finna ákveðna lágmarkstölu á læsiskvarðanum og telja þá sem eru fyrir neðan hana ólæsa“ (bls. 15). Það verður að segjast eins og er að sá sem hér skrifar kannast ekki við mælingar af þessu tagi. Þá forðast flestir lestrarfræðingar nú hugtakið „ólæsi“. Í ritinu er byggt á því sjónarmiði að „í læsi felist fyrst og fremst merkingarsköpun sem ráðist af ýmiss konar úrræðum og verkfærum sem við beitum sem lesendur eða höfundar efnis, og fjölþættum samskiptum sem við eigum við annað fólk“ (bls. 15). Það er vissulega rétt að markmið lesanda er að greina merkingu texta, meta hann og læra af honum ef verkast vill. Hið sama á við um þann sem skrifar. Með ritun sinni er hann væntanlega að koma skilaboðum eða miðla þekkingu til lesenda. En hann gæti einnig, og það gera flestir af og til, skrifað fyrir sjálfan sig án þess að vera með ákveðinn lesanda í huga. Það hefði verið áhugavert að fá greinargóða umfjöllun um „lesanda“ og „höfund“ í þessu samhengi. Því miður eru þau drög að skilgreiningu á hugtakinu læsi sem birt eru í *Læsi* allt of óljós og fljótandi til að nýtilegt sé við það þróunar- og skipulagsstarf sem stöðugt þarf að vera í skólum.

Eðlilegt er að í umfjöllun um læsi sé talsvert rætt um samskipti. En er það ekki nokkur einföldun að læsi sé „víðtæk samskiptafærni“ (bls. 57) eða að íslenskunámið snúist um „samskipti í víðum skilningi“ (bls. 43)? Vitaskuld eru samskipti eitt af hlutverkum máls en þau gegna einnig flóknu hlutverki í sambandi máls og hugsunar. Ef til vill vilja einhverjir kalla það samskipti í víðum skilningi en hér er því haldið fram að svo vítt hugtak, svo sem einnig á við um læsishugtakið, sé vart til þess fallið að treysta nám og kennslu, enda nánast ómögulegt að ná utan um það og skilgreina.

## FJÖLMIÐLUN Í SKÓLASTARFI

Í kaflanum Samskiptahyggja bendir höfundur *Læsis* réttilega á að með tölvuvæðingu hafi komið fram umræða um læsi með „nýjum formerkjum“. Nefnd eru ýmis hugtök sem notuð hafa verið, svo sem myndlæsi, upplýsingalæsi, miðlalæsi og auglýsingalæsi. Sumt af þessu á sér reyndar sögu hér á landi allt aftur til 1980 eða fyrr. Í Málvísibókum Indriða Gíslasonar, sem komu fyrst út um miðjan áttunda áratug síðustu aldar, var fjallað um auglýsingar og skilning á þeim. Það var ekki kallað auglýsingalæsi. Þá var talsvert fjallað um dagblöð og notkun þeirra í skólum á fjölmörgum kennaranámskeiðum á áttunda og níunda áratug 20. aldar. Þar var stuðst við breskar fyrirmyndir, *Newspapers in Education*. Þessi þróun hefur síðan haldið áfram og nefna má í því sambandi verkefnið *Dagblöð í skólum* (Morgunblaðið, e.d.). Þar má meðal annars finna námsefni og hugmyndir að kennslu fyrir 3., 6., 7. og 9. bekk. Það er enn í notkun. Árið 1990 kom út bókinn *Áttavitinn* (Anna G. Magnúsdóttir og Páll Ólafsson, 1990) sem er handbók um ýmiss konar miðlun, svo sem útlarp, kvikmyndir, sjónvarp og blöð, og þar er að finna sérstakan kafla um auglýsingar. Þessi mál hafa því verið að þróast undanfari 30–40 ár í það minnsta, þó svo segja megi að rafræn miðlun kalli á aukna athygli á þessu sviði. Það má spyrja sig að því hvort þessi þróun sé ekki góð undirstaða fyrir skólastarf nútímans.

## KENNSLUFRAÐI LÆSIS

Eðli málsins samkvæmt er umræða um kennslu nokkuð áberandi í ritinu *Læsi*. Þar má finna allnokkrar góðar ábendingar, svo sem um mikilvægi þess að skólastjórnendur og kennarar móti sér stefnu um læsi í skólanum (bls. 34). Þá er bent á ýmis almenn sannindi, til dæmis um mikilvægi áhuga og samvinnu í námi og kennslu.

Í kaflanum *Læsi* í nýjum búningi er gerð grein fyrir þeirri breytingu sem kynnt er og kölluð læsi í víðum skilningi. Á bls. 9 er tafla þar sem „nýjum hugmyndum“ er lýst með „samanburði við þær sem hafa lengi haldið velli“. Þessi samanburður er ósanngjarn ef litið er til þeirrar þróunar sem getið er hér að framan og annars sem greina má í skólum. Þemanám er til að mynda alls ekki nýtt af nálinni, heldur hefur það verið við lýði um áratuga skeið, kynnt í kennaramenntun og á kennaranámskeiðum og tekið upp í skólunum af áhugasömum kennurum víða um land. Í því sambandi má nefna söguaðferð sem fyrst var farið að kynna hér á landi um 1980 og síðan hefur verið haldinn fjöldi námskeiða, sum hver alllög. Undir dálki sem ber yfirskriftina hefðbundið námsumhverfi er að finna liðinn „nám fer fram fyrri hluta ævinnar“. Andstæðan við þetta er svo „nám fer fram alla ævina“. Má skilja þetta svo að nemandi sem hefur hlotið „hefðbundna kennslu“ samkvæmt því sem hér segir hætti að læra eftir að skólagöngu lýkur? Þá nefnir höfundur að „tilbúnað aðstæður og verkefni“ einkenni hefðbundið námsumhverfi en „raunverulegar aðstæður og alvöruverkefni“ nýtt námsumhverfi. Hann dregur ögn í land með þetta og segir ekki ljóst hvaða merkingu „alvöruverkefni“ hafi og varpar fram spurningu til lesenda. Af hverju er þetta þá nefnt? Þessi samanburður er sérkennilegur og sennilega vandfundinn sá skóli hér á landi sem hefur hið svokallaða „hefðbundna námsumhverfi“ að leiðarljósi.

Það virðist sem ýmislegt í þeirri nálgun sem fram kemur í ritinu *Læsi* komi beint frá kafla Aðalnámskrár 2011 um læsi. Í nýrri námskrá í íslensku fyrir grunnskóla er ferli náms í lestri og ritun fylgt og lögð áhersla til að mynda á upphaf lestrarnáms, mál og læsi, þróun náms í ritun, hvernig draga má úr lestrarörðugleikum og mál og læsi heyrnarskertra og heyrnarlausra og þeirra sem hafa annað mál en íslensku (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Þá er lögð áhersla á að nemandi læri að nýta sér og beita þeirri færni sem hann hefur áunnið sér. Þar er meðal annars hugað að þeim miklu breytingum sem orðið hafa á undanförunum árum og hafa til dæmis sett svip sinn á þá texta sem fyrir augu ber og breytt kröfum samfélagsins til læsis. Þar er leitast við að hafa nemandann, menntun hans, þroska og þróun náms í lestri og ritun að leiðarljósi. Það kann að stinga í stúf við þá stefnu sem fram kemur í Aðalnámskrá og birt er í ritinu *Læsi* en það hefði verið styrkur fyrir innleiðingu nýrrar námskrár að fjalla um læsi á þann hátt sem fram kemur í íslenskuhluta Aðalnámskrár.

## AÐ LOKUM

Svo sem fram kom í upphafi þessarar hugleiðingar er ritinu *Læsi* ætlað að vera starfsfólki skóla, foreldrum, forráðamönnum og nemendum til halds og trausts og hvatt er til að starfað verði í anda þess sem þar er að finna. Læsi og lestrarnám hefur verið

vandlega rannsakað víða um heim. Það er viðkvæmur þáttur í námi hvers einstaklings og skiptir miklu fyrir getu hans til þátttöku í samfélaginu. Læsi, það að geta lesið og skrifað, er grundvallaratriði fyrir samfélag og afkomu þjóðar. Ferli námsins hefst með máltöku og varir langt fram eftir ævi en er þó allra mikilvægast á leik- og grunnskólaárum. Í ritinu *Læsi* má finna ýmislegt sem vekur til umhugsunar um breytingar sem hafa orðið og eru að verða á miðlun og kostum til samskipta. En þar vantar þann mikilvæga grunn sem traust læsi byggist á og er meðal annars forsenda þess að geta notið þeirra rafrænu miðla sem nú eru almenningseign. Þá segir fátt af nemandanum sem lesanda og höfundu og þeim kröfum sem gerðar eru til hans og hann þarf að gera til sjálfs sín. Nám sem leiðir til læsis verður að fela í sér margs kyns lærdóm, þjálfun og uppeldi sem gerir nemandann að lesanda ævina á enda. Hann þarf að vera fær um að afla sér lesefnis í hvaða formi sem er, kunna leiðir sem styðja við skilning, geta túlkað texta, lært af honum og sett hann í samhengi við þann veruleika sem hann býr við, og miðlað öðrum af þekkingu sinni. Læsi fylgja einnig siðferðilegar kröfur. Það á ekki síst við um þann tíma sem nú er runninn upp og felur í sér frjálsan aðgang að hverju einu sem hugurinn leitar eftir og veitir leið til að miðla því sem hver vill. Menntun til læsis felur því í sér að efla hinn hugsandi mann, hinn siðferðilega sterka mann, hinn skapandi mann og einnig vitaskuld þann mann sem leitar eftir þekkingu og kann að spyrja þeirra spurninga sem leiða hann áfram í leit að þekkingu. Læsi er eign þess sem yfir því ræður og hann verður að vera fær um að rækta það áfram eftir að skóla lýkur.

Nám sem leiðir til læsis er ekki einfalt og þar þarf að fást við margt svo farsæl niðurstaða fáist. Ekki er nægilegt að líta á þá miðla sem fyrir hendi eru. Mikilvægast er að efla lesandann þannig að hann ráði við þá texta sem koma fyrir sjónir hans nú og verði einnig fær um að velja og læra af þeim textum sem bíða handan við hornið. Það hefði þurft að fjalla um þetta í ritinu *Læsi* og á þann hátt að þeir sem ritið er ætlað hefðu gagn af við kennslu og uppeldi barna.

## HEIMILDIR

- Anna G. Magnúsdóttir og Páll Ólafsson. (1990). *Áttavittinn: Kennslubók um fjölmiðla*. Reykjavík: Mál og menning.
- Organisation for Economic Cooperation and Development. (2001). *Knowledge and skills for life: First results from the OECD programme for international student assessment (PISA) 2000*. (2001). París: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti*. Reykjavík. Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011 – greinasvið 2013*. Reykjavík. Höfundur.
- Morgunblaðið. (e.d.). *Dagblöð í skólum*. Sótt 2. apríl 2013 af <http://www.mbl.is/mogginn/skolar/>